Hofstaðir í Mývatnssveit

Fornleifarannsókn 2018

Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson

með viðauka eftir Magnús Á. Sigurgeirsson

Fornleifastofnun Íslands
FS726-910121
Reykjavík 2018

© Fornleifastofnun Íslands 2018
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Forsíðumynd: Horft er yfir rannsóknarsvæðið til suðvesturs. Íbúarhús Hofstaða sést í miðju myndar. Myndina tók Orri Vésteinsson 9. september 2017

Efnisyfirlit

Samantekt 4
English summary 4
Inngangur 6
Borkjarnarannsókn 9
Norðurtún 10
Miðtún 18
Járnvinnslusvæði 18
Niðurstöður 20
Uppgröftur 23
Könnunarskurður 1 24
Könnunarskurður 2 26
Niðurstöður og umræða 27
Heimildaskrá 29
Viðauki 1 – Borkjarnaskrá 30
Viðauki 2. Einingaskrá 49
Viðauki 3. Gjóskulagarannsókn 51

Samantekt

Borkjarnarannnsókn í norðurhluta túna á Hofstöðum í Mývatnssveit, milli veisluskálans og nýfundins bæjarstæðis í Brekkum, leiddi ekki í ljós merki um fleiri bæjarstæði. Nyrst í túninu fundust ummerki sem tengja má við túnrækt í kringum bæjarstæðið í Brekkum. Aðeins minniháttar ummerki fundust sem tengja má við útihús sem stóðu á svokölluðu Gerði á 19. öld. Skammt norðvestan við veisluskálann fundust leifar eftir rauðablástur sem líkur benda til að séu samtíða notkun skálans á 10. og 11. öld.

Efnisorð: Norðurland, Mývatnssveit, Hofstaðir, borkjarnarannsókn, könnunarskurður, fornbýli, rauðablástur

Keywords: North Iceland, Mývatnssveit, Hofstaðir, coring, trenching, settlement, iron production

English summary

In 2016 a previously unknown farmstead, named í Brekkum, was discovered some 400 m north of the feasting hall in Hofstaðir in Mývatnssveit. Fieldwork in 2017 showed that the hall í Brekkum was built before 940AD and that the farmstead consists of at least four buildings, a midden and an improved homefield, and that it may be associated with a pagan cemetery. This farm was shortlived, perhaps occupied for only a few years in the middle of the 10th century. The discovery of a separate farmstead such a short distance from the feasting hall and farm-mound in Hofstaðir raises many questions – about the development of Hofstaðir as a central place and about the organisation of settlements in early Iceland. To begin to throw light on these issues a survey of buried archaeological remains in the levelled hay-fields of Hofstaðir was planned. This report describes the results of a coring survey and limited trenching in the area between the feasting hall and the newly discovered site í Brekkum. It includes the northernmost part of the Hofstaðir homefield and an area called Gerði – implying an enclosure – where at least five animal stables are known to have stood in the 19th and early 20th centuries. All were flattened with a bulldozer around 1950 when the present hay-fields were laid out and levelled.

The survey found evidence for improved soils, both medieval and modern, in the northernmost part of the research area, closest to í Brekkum. Some turf was also recorded in that location, which likely derives from post-medieval structures, either an enclosure or a building. Based on its proximity to í Brekkum it can be suggested that this was originally a part of its homefield but was kept in use as a hay-field after the farm went out of use. It is possible that it is to this area that the place-name Gerði originally applied. Some 80 m further south turf

and charcoal below late-medieval tephras indicates medieval activity (line 10). South of this scattered building debris was detected in locations which match descriptions of the sites of the animal stalls known to have stood here in the 19th century. When the southernmost of these 19th/20th century animal stables was levelled c. 1950 charcoal and ash was observed. Here coring and trenching in 2018 revealed deposits rich in slag and charcoal in an area measuring some 14x12 m. Both smelting slag and hammerscale were recorded, suggesting both smelting and smithying took place in this area, which is tentatively dated to between the early 10th century and the 12th century.

In short: no indications were found of a farmstead akin to the one discovered in Brekkum, but deposits with likely Viking Age dates were found in 3-4 places, including what was likely a part of the í Brekkum homefield and an iron processing area closer to the feasting hall and coterminous with it. Bulldozing in the middle of the 20th century pretty much obliterated the foundations of the five 19th/20th century animal stables but their locations could nevertheless be acertained more or less accurately from the scattered building-debris. Only in one, and at most two, of these cases are there indications that the structures were built on top of medieval deposits.

Inngangur

Árið 2016 fannst áður óþekkt bæjarstæði rétt norðan við nyrsta heimatúnið á Hofstöðum í Mývatnssveit. Þá um haustið var gerð minniháttar rannsókn sem staðfesti að byggingaleifarnar væru af bólstað frá víkingaöld.[1] Árið eftir fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til að hefja þriggja ára verkefni sem hefur að markmiði að varpa ljósi á samhengi nýfundna bæjarstæðisins – sem farið er að kalla í Brekkum – við veisluskálann og bæjarhólinn á Hofstöðum og kanna hvort fleiri bæjarstæði geti leynst á þessu svæði. Í fyrsta áfanga, sumarið 2017, var gerð ítarlegri könnun á bæjarstæðinu í Brekkum sem sýndi að þar var komin byggð fyrir 940, sem sé áður en veisluskálinn var byggður, en jafnframt að byggðin í Brekkum hefur verið skammæ og sennilega ekki varað meira en nokkra áratugi. Öskuhaugur með ágætum varðveisluskilyrðum fannst sem og kumlateigur á hjallanum ofan við bæjarstæðið.[2] Framhaldsstyrkur fékkst ekki en Háskóli Íslands í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands ákvað engu að síður að halda áfram vettvangsathugunum þó þær yrðu minni í sniðum en áætlað hafði verið. Gerð var könnun með kjarnabor um allt túnið milli veisluskálans og bæjarstæðisins í Brekkum, til að kortleggja

Mynd 1. Fornbýlið í Brekkum er í túnjaðri Hofstaða í Mývatnssveit

[1] Orri Vésteinsson, 2016
[2] Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018

útbreiðslu og ástand mannvistarleifa, einkum með það í huga að leiða í ljós hvort fleiri bæjarstæði leyndust á þessu svæði. Tveir skurðir voru grafnir til að fá betri mynd af þeim ummerkjum sem sáust í borkjörnunum. Einnig var gerð heildstæð uppmæling á mannvirkjum



Mynd 2. Kort af bæjarstæðunum á Hofstöðum og í Brekkum með borkjarnarannsóknarsvæðinu 2018.

og byggingaleifum innan Túngarðs á Hofstöðum en eldri afstöðumyndir byggja á athugunum sem gerðar voru á ýmsum tímum með mismunandi aðferðum og stóðu því til bóta.

Að rannsókninni unnu Lilja Laufey Davíðsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og Orri Vésteinsson fornleifafræðingar en Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi gjóskulög á vettvangi. Rannsóknin fór fram dagana 8.-10. ágúst 2018 og hafði leiðangurinn aðstöðu í íbúðarhúsinu á Hofstöðum sem er í umsjá Minjastofnunar Íslands og eru henni færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Borkjarnarannsókn

Markmið borkjarnarannsóknarinnar var að kortleggja útbreiðslu mannvistarlaga á svæðinu sunnan við nýfundna skálann i Brekkum og kanna hvort á því leyndust fleiri bæjarstæði, öskuhaugar eða önnur mannvirki sem ekki sjást á yfirborði. Rannsóknarsvæðið var 380 x 60-80 metrar á stærð og afmarkaðist af sléttuðu túni norðan við íbúðarhús Hofstaða til vesturs,



Mynd 3. Yfirlitskort yfir númer borkjarna á rannsóknarsvæðinu 2018.

norðurs og austurs en veisluskálanum sem grafinn var upp árin 1996-2002 að sunnan. Borað var á 10 - 20 m fresti yfir allt túnið en borað var þéttar þar sem vísbendingar voru um heillegar mannvistarleifar. Teknir voru um 3,5 sm breiðir kjarnar og náði borinn lengst 80 sm niður, 40 sm í einu. Flestir borkjarnanna voru ljósmyndaðir og skipting jarðlaga skráð en þar sem aðeins sáust náttúruleg jarðlög og lítil breyting á þeim milli kjarna var skráningin minna ítarleg. Ekki var farið dýpra niður en á forsögulegu H3 gjóskuna sem féll fyrir um 2900 árum. Borkjarnarnir voru teknir eftir beinum línum, frá austri til vesturs og fékk hver kjarni númer miðað við línunúmer og röð hans í línunni. Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður sem komu út úr rannsókninni. Aftast í skýrslunni er viðauki þar sem hverjum borkjarna er lýst nákvæmlega.

Umfjöllun um borkjarnana er skipt í þrjá hluta eftir staðsetningu þeirra; norðurtúnið, miðtúnið og járnvinnslusvæðið. Að þessu sinni var borað í allt norðurtúnið en aðeins nyrðri hluta miðtúnsins. Járnvinnslusvæðið sem fannst í suðvesturhorni norðurtúnsins, fær sérumfjöllun en þar var borað mun þéttar en annars staðar til að kanna mörk og stærð svæðisins ásamt umfangi og eðli mannvistarlaganna.

Norðurtún

Lína 1

Í línu 1 var borað á 10 m fresti og teknir voru þrír kjarnar. Þar sáust aðallega náttúruleg jarðlög, foklög og gjóskulög en í tveimur kjörnum af þremur sáust þó hreyfð jarðlög yfir 1477 gjóskunni og bera þau jarðlög merki um að túnið hafi verið sléttað. Ekki sáust nein ummerki um mannvistarlög í þessum kjörnum.

Mynd 4. Jarðlög í kjarna 1.2. Túnið hefur verið sléttað eftir 1477.

Lína 2

Borað var á 10 m fresti í línu 2 og teknir fjórir borkjarnar. Ekki voru nein mannvistarlög í kjörnunum en þar voru þó merki um lífræn lög og hreyfð blönduð jarðlög rétt undir yfirborði sem gefa til kynna að á svæðinu hafi verið tún og að það hafi verið sléttað. Í kjarna 2.0 var blandað jarðlag með H3 undir 1477 gjóskunni og hugsanlega undir 1300 gjóskunni og því má

gera frá fyrir að eitthvað hafi verið hreyft við jarðveginum á svæðinu fyrir 1477, hvort sem um er að ræða náttúruleg öfl eða mannaverk.

Lína 3

Borað var á 10 m fresti í línu 3 og teknir fjórir borkjarnar. Ekki fundust nein ummerki um mannvistarlög en greinilegt var að þarna voru lífræn lög rétt undir yfirborðslagi og var það túlkað sem svo að þarna hafi verið tún. Í kjarna 3.3 fundust lífræn jarðlög undir og yfir 1300 gjóskunni og einnig hreyft jarðlag með örsmáum H3 flekkjum undir henni. Þetta bendir til þess að búið hafi verð að ræka tún á svæðinu fyrir 1300 og að eitthvert umrót hafi átt sér stað þar á undan, af mannavöldum eða náttúru.

Mynd 5. Borkjarni 3.3. Dökkbrún lífræn jarðlög sem benda til þess að þarna hafi verið tún lengi.

Lína 4

Borað var á 10 m fresti í línu 4 og teknir fjórir borkjarnar. Borkjarnar 4.0 og 4.1 voru náttúrulegir og aðeins sást sömu lífrænu lög í kjarna 4.3 og áður. Í kjarna 4.2 sáust einnig lífræn jarðlög en á milli þeirra voru ummerki um hugsanlegt torf með dökkri gjósku (annaðhvort 1477 eða 1300). Torfið er appelsínugult og brúnt og gjóskulínurnar eru ekki mjög reglulegar. Ekki var borað í kringum þennan kjarna til að kanna mannvistarleifarnar betur.

Mynd 6. Jarðlög í borkjarna 4.2. Hugsanlegt torf í kjarnanum er appelsínugult og brúnt með svörtum röndum.

Lína 5

Borað var á 10 m fresti í línu 5 og teknir fimm borkjarnar. Kjarnar 5.0 og 5.1 voru náttúrulegir með votti af lífrænum jarðlögum. Í kjarna 5.2 kom fram torfblandað lag með grárri gjósku rétt undir yfirborðslagi og bendir allt til þess að það lag sé hreyft og rótað, líklega eftir túnsléttun. Í kjarna 5.3 sáust blönduð og rótuð lög rétt undir yfirborði en undir því voru lög með smávegis sóti og kolum í snefilmagni, nánast ógreinilegt. Líklega eru þetta leifar sem hafa borist frá einhverjum athafnasvæðum í kring. Í kjarna 5.4 sáust einnig ummerki um blönduð jarðlög með H3 gjósku en ekki voru nein ótvíræð merki um mannvist.

Mynd 7. Jarðlög í borkjarna 5.3. Blandað lag með H3 gjóskunni sást ofarlega og örsmáar kolaleifar þar fyrir neðan.

Lína 6

Borað var á 10 metra fresti í línu 6 og teknir fimm borkjarnar. Kjarnar 6.0, 6.1, 6.2 og 6,4 voru náttúrulegir með lífrænum og mýrarblönduðum jarðlögum en í kjarna 6.3 kom fram torf með svartri gjósku og H3 gjósku. Torfið virðist þó vera talsvert rótað og blandað fremur en að það sé óhreyft og því líklegt að þær byggingaleifar sem torfið tilheyrði hafi verið sléttaðar. Torfblandaða lagið var 22 sm á dýpt og ekki sáust nein ummerki um önnur mannvistarlög á

Mynd 8. Jarðlög í borkjarna

svæðinu og undir því var aðeins þykk rauðbrún fokmold og dökk, hugsanlega hreyfð, gjóska innan hennar (1477?). Ef þarna hefur verið mannvirki má ætla að það hafi verið reist eftir 1477, enda er einnig dökk gjóska í torfblandinu.

Lína 7

Byrjað var að bora á 20 metra fresti í línu 7 og teknir þrír borkjarnar. Borkjarni 7.0 var náttúrulegur og í hinum tveimur voru ummerki um blönduð og rótuð lög með 1477, 1300 og H3 gjóskum rétt undir yfirborðslagi. Þetta bendir til þess að náttúruleg jarðlög hafi verið sléttuð þegar túnið var ræktað en ekki sjást skýr ummerki um mannvistarlög.

Mynd 9. Jarðlögin í borkjarna 7.1. Grár og hvítar línur sjást í hreyfðu og rótuðu jarðlagi á 10-19 sm dýpi

Lína 8

Borað var á 20 m fresti í línu 8 og teknir þrír borkjarnar. Borkjarnar 8.0 og 8.2 voru náttúrulegir með fokmold og gjóskum en í kjarna 8.1 var aðallega fokmold og rótaður jarðvegur með smávegis ummerkjum um svarta gjósku. Ekki sáust nein ummerki um mannvist í rótaða laginu.

Lína 9

Borað var á 20 m fresti í línu 9 og teknir þrír borkjarnar. Öll jarðlög í kjörnunum í línu 9 voru náttúruleg. Þar sást fokmold og forsöguleg gjóskulög en engin ummerki voru um gjóskulög frá sögulegum tíma. Ekki sáust heldur nein ummerki um rótaðan jarðveg en þar sem jarðvegurinn virðist mjög einsleitur þá virðist ummerki um sléttunina einfaldlega vanta.

Lína 10

Borað var á 20 m fresti í línu 10 og teknir fjórir kjarnar auk tveggja annarra hjá borkjarna 10.2 til að skoða nánar jarðlög þar í kring. Kjarnar 10.0 og 10.3 voru náttúrulegir en í kjarna 10.1 sást torfblandað 18 sm þykkt torflag með gráum og svörtum gjóskulínum. Landnámslagið virðist svo liggja beint undir þessu lagi og því gæti verið um að ræða mannvirki frá svipuðum tíma og skálinn í Brekkum. 20 metum sunnar, í kjarna 10.3, kom í ljós lag með smávægilegum

kolaleifum og H3 flekkjum. Ákveðið var að kanna jarðlögin í kringum þennan kjarna nánar og borað var annarsvegar tveimur metrum sunnan við hann (10.2A) og 2 metrum vestan við hann (10.2B). Síðarnefndi kjarninn var náttúrulegur en í kjarna 10.2A sást lag með kolaögnum undir hugsanlegri 1300 gjósku. Þar undir var hugsanlegt torflag með tveimur svörtum gjóskulínum beint ofan á landnámslaginu. Svæðið var ekki kannað nánar en hugsanlegt er að þarna leynist mannvirki frá því fyrir 1300. Frekari athuganir þyrfti að gera á þessu svæði til að leiða það í ljós.

Mynd 10. Mögulegt torf í kjarna 10.1. Dökkbrúnt og rauðljósbrún jarðlög með gjóskulínum

Lína 11.

Í línu 11 var borað á 20 m fresti og teknir fjórir borkjarnar. Allir kjarnarnir voru náttúrulegir og engin ummerki voru um mannvistarlög í þeim. Aðeins í kjarna 11.1 fannst dökkbrúnt og dauf fjólublátt lífrænt lag frekar neðarlega, undir svörtum gjóskum, hugsanlega 1477 og 1300, sem var túlkað sem ummerki um túnrækt.

Lína 12

Í línu 12 var borað á 20 metra frest og teknir fjórir borkjarnar auk fimm annarra milli lína 11 og 12 en heimildir voru um að fjárhús (SÞ-214:048) hefðu staðið á þessu svæði. Kjarnar 12.1 og 12.3 voru náttúrulegir og í kjarna 12.0 sáust ummerki um túnsléttun á náttúrulegum jarðlögum. Í kjarna 12.2 fundust ummerki um mögulegt torf með svörtum gjóskum beint undir yfirborðslagi. Mögulega tengist það öðrum útihúsum (SÞ-214:047) sem stóðu 40 m vestan við hin.

Borað var frekar þétt þar sem fjárhús SÞ-214-048 munu hafa staðið og fengu kjarnarnir á því svæði númerin 12.0A-E. Í kjörnum 12.0A og 12.0B virtist sjást nokkuð heillegt torf á um 25 sm dýpi en á 40-50 sm dýpi komst borinn ekki lengra vegna þess hve grunnt var niður á klöppina. Í kjörnum 12.0C og 12.0E komu í ljós blönduð torflög sem hugsanlega eru undir

1477 gjóskunni. Í kjarna 12.0D var blandað jarðlag en í því voru lítil ummerki um mannvist. Þessar upplýsingar bentu til þess að mannvirki gæti hafa verið á þessum stað, jafnvel fyrir 1477 ef gjóskan sem sást í kjörnunum er óhreyfð. Því var ákveðið var að kanna mannvistarleifarnar betur á þessu svæði og var skurður 2 tekinn tveimur metrum frá kjarna 12.0B. Í könnunarskurðinum sást engin gjóska ofan rótaða jarðlagið í skurðinum og því má ætla að gjóskan sem sést í kjörnunum á þessu svæði sé ekki á sínum stað. Mannvirkið sem hér hefur staðið er því líklega 19.-20. aldar mannvirki sem kemur heim við að það sé fjárhúsið SÞ-214:048 en tóftir þess voru sléttaðar með jarðýtu um 1950.

Mynd 11. Jarðlög í kjarna 12.0D. Blandað jarðlag með torfleifum

Lína 13

Í línu 13 var borað á 20 m fresti og teknir fjórir borkjarnar. Kjarnar 13.0 og 13.1 voru náttúrulegir en í kjörnum 13.2 og 13.3 sáust, rétt undir yfirborðslagi, ummerki um torfblönduð lög og smávegis koladreif í kjarna 13.2. Líklega eru þetta ummerki um sléttun túnsins og torfblönduðu lögin gætu hafa borist frá útihúsum sem stóðu norðan eða sunnan við, SÞ-214:046 eða SÞ-214:047 og voru sléttuð um 1950.

Mynd 12. Jarðlög í kjarna 13.2. Blandað og rótað jarðlag sést rétt neðan við yfirborðslag.

Lína 14

Í línu 14 var borað á 20 m fresti og teknir fjórir borkjarnar. Í þremur kjörnum af fjórum var að finna ummerki um mannvist. Mögulegt torf fannst í kjörnum 14.0, 14.2 og 14.3 og sást í landnámslagið í torfinu í síðari kjörnunum tveimur. Ekki sáust nein óhreyfð gjóskulög ofan við torflögin og gæti því verið að þau hafi raskast við sléttun túnsins. Í kjarna 14.2 sáust einnig ummerki um kol ofarlega í kjarnanum sem líklega er koladreif í fokmold og hefur borist annarsstaðar frá. Hugsanlega hefur verið mannvirki á þessum slóðum sem hefur raskast við túnsléttun.

Mynd 13. Jarðlög í kjarna 14.0. Litríkt torf sést neðarlega í kjarnanum.

Lína 15

Í línu 15 var borað á 20 m fresti og teknir fjórir borkjarnar. Kjarni 15.3 var náttúrulegur en ofarlega í hinum þremur kjörnunum voru ummerki um rótuð og hreyfð náttúruleg jarðlög sem hefur verið raskað við túnsléttun.

Lína 16

Mynd 14. Jarðlögin í borkjarna 16.2. Neðst í kjarnanum sjást lítil kol í fokmoldinni, ofan við hugsanlega landnámssyrpu

Í línu 16 var borað á 20 metra fresti og teknir fjórir borkjarnar. Kjarnar 16.0, 16.1 og 16.3 voru allir náttúrulegir. Í kjarna 16.2 sáumst ummerki um rótuð og blönduð jarðlög við yfirborð en einnig fokmold með koladreif rétt ofan við landnámslagið.

Lína 17

Í línu 17 var borað á 20 m fresti og teknir þrír borkjarnar í línunni. Einnig voru teknir tveir borkjarnar út frá kjarna 17.0 til að kanna betur jarðlögin í kringum hann en í kjarnanum fundust hugsanlega torfleifar, annarsvegar með H3 og hinsvegar með gráu leirlagi og Hverfjallsgjósku. Í kjarna 17.0A fundust einungis hreyfð og rótuð náttúruleg jarðlög en í kjarna 17.0B kom fram blandað torflag, hugsanlega með landnámslaginu. Í kjarna 17.1 sást dökkt blandað lag með smávegis koladreif, undir gjóskulagi sem hugsanlega er 1477. Í kjarna 17.2 sáust ummerki um hreyfð og rótuð náttúruleg jarðlög. Gjóskulagafræðingur var á svæðinu og skoðaði borkjarnana og taldi að jarðlögin væru hreyfð en óljóst hvort það væru náttúrulegar hreyfingar eða af mannavöldum. Gjóskur virðast hafa verið að renna til á þessu svæði og því gætu þessar hræringar tengst því en ekki verið byggingartorf.

Mynd 15. Jarðlög í kjarna 17.0. Neðst í kjarnanum sést mögulegt torf og þrjár rendur með H3 gjóskunni.

Lína 18

Í línu 18 var borað á 20 m fresti og teknir þrír borkjarnar. Allir kjarnarnir voru náttúrulegir en ummerki um rótuð og blönduð jarðlög sáust undir yfirborðslagi í kjarna 18.0.

Lína 19

Í línu 19 var borað á 20 m fresti og teknir voru þrír borkjarnar. Kjarni 19.0 var náttúrulegur og í 19.1 sáust rótuð og hreyfð jarðlög frá túnsléttun. Í kjarna 19.2 komu fram smávegis koladreif í fokmold sem hefur borist í jarðveginn annarsstaðar frá, líklega frá járnvinnslusvæðinu sem er rétt sunnan við kjarna 19.2. Annars sáust engin ummerki um mannvistarleifar á svæðinu.

Miðtún

Lína 20

Í línu 20 var borað á 20 m fresti og teknir þrír borkjarnar. Ekki sáust nein mannvistarlög í kjarna 20.0 og í kjörnum 20.1 og 20.2 sáust aðeins smávegis kol í fokmoldinni, líklega frá járnvinnslusvæðinu vestan við svæðið þar sem kjarnarnir voru teknir. Þessir kjarnar voru teknir á milli túnanna tveggja og hefur því ekki verið sléttað enda sáust engin ummerki um hreyfð og rótuð jarðlög.

Lína 21

Í línu 21 var borað á 20 m fresti og teknir voru fjórir borkjarnar. Í kjarna 21.0 sást eitt kol í fokmoldinni en annars var þar engin mannvist. Í hinum kjörnunum þremur sjáust engin ummerki um mannvist en í kjarna 21.2 sáust rótuð og blönduð jarðlög eftir sléttun túnsins.

Lína 22

Í línu 22 var borað á 20 m fresti og teknir fjórir borkjarnar. Aðeins sáust náttúruleg jarðlög í kjörnunum fjórum en smávegis koladreif sást þó ofarlega í kjarna 22.0. Jarðlögin voru blaut vestast í þessari línu og ummerki voru um litrík, appelsínugul og grá mýrarjarðlög.

Járnvinnslusvæði

Járnvinnslusvæði fannst í suðvesturhorni nyrsta túnsins á Hofstöðum, þar sem heimildir voru um að hefði komið upp aska við túnsléttunu. Járnvinnslusvæðið er í jaðri túnsins og stór hluti þess er á svæði sem nú er vaxið miklum kjarrgróðri. Stór og þykk kolalög, niðurgröftur, gjall og sindur fundust á svæðinu. Könnunarskurður 1 var grafinn á járnvinnslusvæðinu og út frá honum var notaður kjarnabor til þess að finna mörk þess. Nánari lýsing á jarðlögum sem fundust í borkjörnum fer hér á eftir.

Lína 23

Lína 23 liggur í austur út frá könnunarskurði 1 þar sem fundust ummerki um járnvinnslusvæði og smiðju. Teknir voru fjórir kjarnar í línunni og borað var á tveggja metra fresti. Í kjarna 23.0 sáust engin óhreyfð gjóskulög en kjarninn var lagskiptur. Efst í honum sást blandað torf og kolalag en neðarlega voru tvö kolalög og torf með grárri gjósku á milli þeirra. Neðsta kolalagið var um 30 sm þykkt og þar fundust einnig gjallmolar. Kjarni 23.1 var einnig lagskiptur. Undir yfirborðslagi sást blandað jarðlag með kolum og þar undir hreyft, blandað jarðlag með kolum og torfi. Þar undir var þunnt hreint kolalag, um 3 sm á þykkt. Hugsanlega mátti sjá grænleita gjósku undir því kolalagi sem er þá einhver hluti af Landnámssyrpunni, mögulega 940. Undir gjóskulaginu var blandað jarðlag með kolum og rauða. Í kjarna 23.2 voru engin hrein kolalög en beint ofan á Landnámssyrpunni var blandað jarðlag með kolum og torfskellum með H3 gjóskunni. Ekki sást nein mannvist neðar í kjarnanum, einungis náttúruleg jarðlög og forsögulegar gjóskur. Í kjarna 23.3 var einnig að sjá jarðlag blandað kolum og hugsanlegum

torfleifum en kolin voru orðin lítil og fá og greinilegt að áhrif frá járnvinnslunni eru orðin minni á þessu svæði.

Lína 24

Mynd 16. Jarðlög í kjarna 23.0 á 40-80 sm dýpt. Þarna sést rúmlega 30 sm þykkt kolalag. Ekki var hægt að bora dýpra á þessum stað og gæti því kolalagið verið þykkara.

Mynd 17. Jarðlög í kjarna 24.0, kola- og torfblönduð lög

Lína 24 liggur til norðurs út frá könnunarskurði 1 og var borað með 2 metra millibili. Teknir voru tveir borkjarnar í línunni. Í borkjarna 24.0 kom í ljós blandað jarðlag með kolum rétt undir yfirborðslagi. Einnig kom í ljós röndótt, torfkennt jarðlag með gjóskum og hugsanlegu sindri rétt yfir forsögulega gjóskulaginu H3. Í kjarna 24.1 sáust engin ummerki um mannvist fyrir utan jarðlag með smávegis kolum rétt undir yfirborði.

Lína 25

Mynd 18. Jarðlög í borkjarna 25.0, 0-40 sm. Þarna sést blandað lag, kolalag og svo hluti af öðru kolalagi

Lína 25 liggur til vesturs út frá könnunarskurði 1 og var borað með u.þ.b. 2 metra millibili. Teknir voru tveir borkjarnar í línunni. Í kjarna 25.0 var jarðlag 10 sm undir yfirborði sem var blandað kolum, sóti og torfskellum og beint undir því var 8 sm þykkt kolalag. Svo var aftur blandað jarðlag en ekki með mikilli mannvist en þar undir var 13 sm þykkt kolalag. Seinna kolalagið lá rétt ofan á landnámssyrpunni en á milli þeirra var þó mjög þunnt gulbrúnt jarðlag. Í kjarna 25.1 fannst engin mannvist og virðist járnvinnslusvæðið því ekki ná lengra til vesturs.

Lína 26

Lína 26 liggur í suður út frá könnunarskurði 1 og var borað með 2-4 metra millibili en mun erfiðara er að bora utan túnsins þar sem þar er mikill kjarrgróður og aðgengi því mun erfiðara. Teknir voru fimm borkjarnar í línunni. Í kjarna 26.0 var röndótt torflag með tveimur svörtum gjóskulínum og einni hvítri undir mögulegri 1477 gjósku og beint undir því var 20 sm þykkt kolalag. Í kjarna 26.1 sást svipað torflag og í kjarna 26.0 en ekkert kolalag. Í kjarna 26.2 voru tvö kolalög undir 1477 gjóskunni og á milli þeirra var uppmoksturslag með H3 gjóskuskellum. Efra kolalagið var 6 sm á þykkt og það neðra var 12 sm á þykkt. Í kjarna 26.3 sást torfblandað lag með koladreif frekar ofarlega í kjarnanum en 5 sm þykkt kolalag neðst í honum. Dökkt gjóskulag var að milli jarðlaganna sem gæti verið 1477 gjóskan. Síðasti kjarninn, 26.4, var náttúrulegur og því má ætla að áhrifasvæði járnvinnslusvæðisins nái ekki lengra til suðurs.

Mynd 19. Þykkt kolalag undir torflagi í borkjarna 26.0 (dýpt 40-80 sm)

Niðurstöður

Við borkjarnarannsóknina kom ýmislegt í ljós sem varpar skýrara ljósi á búsetu og landnotkun á mismunandi tímabilum. Mikið fannst af dökkum, lífrænum jarðlögum rétt undir yfirborðslagi nyrst í túninu sem bendir til þess að þessi hluti túnsins hafi verið lífrænni en aðrir. Lífræn jarðlög er einnig að finna neðar í kjörnunum, jafnvel undir 1300 gjóskunni og bendir það til þess að túnrækun hafi verið hafin fyrir þann tíma. Þetta svæði er nálægt fornskálanum í Brekkum og túnið gæti því hafa tengst búsetu þar. Víðsvegar um túnið fundust ummerki um

túnsléttun rétt undir yfirborði, bæði á mannvistarlögum og náttúrulegum jarðlögum. Þau útihús sem heimildir eru um að hafi staðið á túninu á 19.-20. öld hafa því líklega raskast mikið við sléttunina enda er mikið um rótuð og blönduð torflög á svæðinu. Sunnarlega á svæðinu fer að bera meira á koladreif og finnst hún bæði ofarlega í kjörnum sem og undir 1477 og 1300 gjóskunum. Líklega barst koladreifin frá járnvinnslusvæðinu á þeim stöðum þar sem hún finnst undir 1300 gjóskunni.

Nokkur áhugaverð svæði fundust í túninu. Áhugaverðasti fundurinn var án efa járnvinnslusvæðið í suðvesturhluta norðurtúnsins en einnig fundust ummerki um frekar heillegt torf eða torf undir óhreyfðum gjóskum á þremur öðrum stöðum í túninu. Sjá má þau svæði á mynd 20 þar sem búið að draga rétthyrning utan um þau svæði. Nyrst, í línum 4-6, sést svæði þar sem gæti hafa staðið útihús eftir 1477 en í tveimur kjörnum fannst mögulega heillegt torf en blandað torf í þeim þriðja. Mögulega gætu verið þarna útihúsaleifar frá 19.-20. öld sem ekki hafa raskast við túnsléttun. Í línu 10 fundust mjög áhugaverðir kjarnar en þar kom í ljós heillegt torf sem liggur mögulega beint ofan á landnámssyrpunni. Í öðrum kjarnanum virðist sem 1300 gjóskan sé óhreyfð og má því ætla að eldri lög séu þarna ekki röskuð af túnsléttun. Tæpir 20 metrar eru á milli þessara tveggja kjarna og því þyrfti að athuga þetta svæði nánar til þess að skera úr um hvort þarna er mannvirki eða ekki. Þriðja svæðið þar sem fannst heillegt torf er í línum 12-14, mjög nálægt því svæði þar sem útihús SÞ-214:047 mun hafa staðið á 19.- 20 öld. Þar voru torfleifar í fjórum kjörnum, allt rétt undir yfirborðslagi fyrir utan kjarna 14.0 en þar voru nokkur jarðlög á milli torfsins og yfirborðslagsins. Í tveimur kjörnum virtist þó aðeins vera blandað torf sem hefur þá líklega raskast vegna sléttunar en í hinum tveimur leit torfið út fyrir að vera geta verið óraskað. Kanna þyrfti þetta svæði nánar til að skera úr um hvort þarna eru aðeins röskuð jarðlög frá túnsléttun eða hvort þar leynist einhver heilleg mannvirki og hversu gömul þau eru.

Í suðvesturhorni norðurtúnsins fundust ummerki um járnvinnslusvæði frá því stuttu eftir landnám. Járnvinnslusvæðið er alls 14x12 metrar að stærð og snýr norður-suður. Þar er að finna mörg kolalög sem eru allt frá 4-30 sm á þykkt. Á milli kolalaganna eru víða hrein torflög eða lög blönduð torfi og kolum. Gjall fannst í þykku kolalagi í einum kjarnanum og sindur í

öðrum. Könnunarskurður 1 var tekinn í járnvinnslusvæðið og er nánari lýsing á honum í næsta kafla.



Mynd 20. Kortið sýnir dreifingu jarðlaga á rannsóknarsvæðinu og staðsetningu 10.-20. aldar tófta á svæðinu.. Dreginn hefur verið ferhyrningur um áhugaverð svæði sem kanna þarf nánar til að staðfesta hvort um er að ræða heillegar og frá hvaða tímibili

Uppgröftur

Samhliða borkjarnarannsókninni var ákveðið að taka könnunarskurði til þess að rannsaka betur áhugaverð svæði sem borunin leiddi í ljós. Aðeins var leyfi fyrir því að taka tvo könnunarskurði á svæðinu. Ákveðið var að kanna nánar svæðið í suðvesturhorni norðurtúnsins, þar sem komið höfðu í ljós kolalög en einnig svæði í miðju norðurtúninu, þar sem komu í ljós hugsanleg torflög undir 1477 gjóskunni.

Mynd 21. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu könnunarskurða á rannsóknarsvæðinu

Könnunarskurður 1



Mynd 22. Norðursnið í skurði 1

Skurður 1 var 1x1 m að stærð. Hann var aðeins grafinn niður í óhreyft í vesturendanum til að raska ekki mannvistarlögum að óþörfu. Undir grasrót [101] og áfoki [102] sem hefur safnast upp eftir að túnið var sléttað er 15-30 sm þykkt lag af rótuðum mannvistarlögum [103], sýnilega eftir jarðýtuna sem sléttaði túnin bæði norðan og sunnan við. Þó járnvinnslusvæðið sé í dæld milli túnanna sem ekki hefur verið slegin, a.m.k. ekki undanfarna áratugi, hefur hún ekki farið varhluta af sléttuninni á sínum tíma. Í þessu raskaða lagi var mikið af torfi, sumt heillegir hnausar og einnig nokkrir steinar sem gætu verið komnir úr hleðslum. Mjög líklega er að minnsta kosti hluti af efninu í þessu rasklagi úr veggjum byggingar. Að stórum hluta var þetta lag þó úr ösku, viðarkolum og gjalli, samskonar efni og í óröskuðu mannvistarlögunum sem undir eru. Talsvert var af gjalli og var allstór kaka greind sem blástursgjall af Kristínu Huld Sigurðardóttur á staðnum. Sindur sást einnig, sem bendir til að bæði rauðablástur og járnsmíði hafi farið fram á þessu svæði. Líkur benda til að [103] hafi verið jafnað út á þessum stað, yfir óröskuðum mannvistarlögum en efsta lagið í þeirri syrpu [104] hefur myndast eftir að umsvif hættu á svæðinu. Það er moldarblandað torfhrun, sem gæti komið heim og saman við að yfirgefin bygging hafi staðið þarna skammt frá á meðan lagið hlóðst upp. Þetta lag var samfellt í vesturhluta skurðarins en hefur verið tekið burt af jarðýtunni í austurhlutanum. Í torfinu var landnámssyrpan án V-Sv gjóskunnar frá um 940 og má af því draga þá ályktun að torfið hafi verið skorið áður en sú gjóska féll því hún er víðast þykk og



Mynd 23. Vestursnið í skurði 1

greinileg í Mývatnssveit. Undir þessu lagi er allþykkt torflag með samskonar torfi en einnig kolalinsum í torfinu [105] sem hefur af því að dæma verið skorið þar sem skarn hefur verið borið á. Eldri en þetta lag eru nokkur minni mannvistarlög, misjafnlega torfblönduð, eitt með talsverðu af sindri [106] og annað nánast að öllu leyti gróft rauðleitt efni, mögulega rauði. Þessi lög eru yfir fyllingum í niðurgrefti [109 og 110] sem eru elstu mannaverkin á þessum stað. Elsta óhreyfða gjóskulagið er Hverfjallsgjóskan en landnámssyrpan hefur verið fjarlægð áður en niðurgröfturinn var gerður og mannvistarlögin byrjuðu að hlaðast upp.

Eining	Lýsing
101	Grasrót
102	Gróðurmold/áfok -óhreyft
103	Hræringur af torfi, uppmokstri með H3 flekkjum, viðarkol og gjall. Tekið var sýni úr þessu lagi. 2-3 steinar voru í því, um 20 sm stórir
104	Ljósbrúnt moldarlag og torfhrun
105	Dökkbrúnt torf með LNS og kolalinsum. Það er hreyft austan til og gæti jafnvel verið tvö lög.
106	Ljósgul torflinsa/lífrænt eftni ofan á kolablandaðri mold með sindri
107	Torf með sandlinsu nyrst, LNS í vestursniði
108	Rauðleitt gróft efni - rauði?
109	Grábrúnt torfhrun í niðurgrefti
110	Viðarkolablandaður jarðvegur í niðurgrefti
111	Óhreyfð jarðlög - Hverfjallsgjóskan efst

Eins og lýst var að ofan sýndu borkjarnarnir að lögin í skurðinum eru hluti af samfelldu minjasvæði sem er um 14x12 m að stærð – og smit út frá því á mun stærra svæði. Kjarnarnir gefa í aðalatriðum sömu mynd: röskuð mannvistarlög ofan á óröskuðum úr samskonar efni undir. Viðarkol, jafnvel þykk lög af hreinum kolum, eru áberandi og gjall og sindur greindist víða. Torf er einnig áberandi og er ótvírætt að þarna hafa staðið byggingar. Í einum kjarnanum (23.1) var V-Sv gjóskan frá um 940 mögulega undir neðsta viðarkolalaginu og í tveimur (23.2 og 25.0) var landnámssyrpan óhreyfð þannig að hún hefur ekki verið fjarlægð um allt svæðið. Í kjörnum 26.0, 26.1 og 26.2 (og mögulega 26.3) var 1477 gjóskan kyrfilega yfir mannvistarlögunum, en ef hvít rönd í torfi undir henni verður greind sem gjóska þá er það væntanlega Heklugjóska frá 12. öld sem myndi þá benda til að umsvif hafi verið á þessu svæði í langan tíma, frá því fyrir 940 og fram yfir 1104 hið skemmsta. Gjóskur í borkjörnum voru ekki greindar af sérfræðingi og því á eftir að staðfesta þessar athuganir.

Líklegt er að hér sé fundið athafnasvæði með fleiri en einni byggingu þar sem járn hefur verið brætt og smíðað á tveggja alda bili. Ljóst er að svæðið er talsvert raskað af túnasléttun um miðja 20. öld en jafnframt að jarðýtan hefur ekki náð að skerða nema efri hluta mannvistarlaganna og að mikill efniviður bíður þarna rannsóknar. Eitthvað af byggingarefninu gæti tengst útihúsinu SÞ-214:044 sem var á þessum slóðum og orðið að tóft þegar túnið var

sléttað með jarðýtu um 1950. Guðmundur Jónsson sagði frá því 1996 að aska hefði einmitt komið upp þegar sú tóft var sléttuð.

Könnunarskurður 2



Mynd 24. Vestursnið í skurði 2.

Skurði 2 var valinn staður því borkjarnar 12.2 og 12.0A-E sýndu talsvert af torfi á allstóru svæði og í tveimur virtist það geta verið undir gjóskulaginu frá 1477. Í stuttu máli reyndist skurðurinn ekki mjög fróðlegur. Undir grasrót var um 30 sm þykkt lag með torfi og einstaka viðarkoli. Það er áþekkt torflögunum sem sáust í borkjörnunum í kring en í skurðinum sást greinilega að lagið er hræringur eftir jarðýtuna sem sléttaði túnið og hefur hún skafið vel niður í forsöguleg jarðlög og sumsstaðar niður á klöpp. Engin söguleg gjóskulög voru greinanleg í torfhræringnum og verður því lítið sagt um aldur þessara byggingaleifa. Járngripur sem fannst í laginu er nýlegur. Staðsetningin kemur heim og saman við eitt af útihúsunum sem vitað er að stóðu á svokölluðu Gerði fram á 20. öld og er einlægast að telja að torfleifarnar tengist því. Ekki er hægt að útiloka að þetta útihús hafi verið reist á grunni eldri bygginga en reikna verður með að jarðýtan hafi afmáð öll ummerki sem gætu stutt slíka tilgátu eða hrakið.

201	**Grasrót**
202	Hrært jarðlag - líklega eftir jarðýtu. Mest grábrúnt blandað lag með ljósbrúnum skellum, viðarkol hér og þar. Ljósbrúnar linsur með H3 = uppmokstur. Járngripur [F1] fannst í þessu lagi.
203	Linsa af ljósbrúnni mold m H3 skellum = uppmokstur. Gæti verið hluti af [202]
204	Óhreyft - Hverfjallsgjóska efst og margar forsögulegar gjóskur þar undir en vantar þó H3 (eða er mjög þunnt). 5-10 sm undir skurði sést í klöpp = steinarnir sem jarðvegsborinn lenti á.

Niðurstöður og umræða

Rannsóknin sumarið 2018 sýndi vel gildi skipulegrar könnunar með kjarnabor. Hægt er að útiloka að bæjarstæði á borð við það sem fannst í Brekkum árið 2016 leynist í norðurhluta Hofstaðatúnanna. Það var megintilgangur athugananna og á nú aðeins eftir að kanna suðurhluta túnanna til að leiða í ljós hversu mörg bæjarstæði voru á Hofstöðum á víkingaöld.

Könnunin leiddi í ljós ótvíræð ummerki um járnvinnslustað frá víkingaöld. Frekari rannsóknir þarf til að staðfesta það en þær vísbendingar sem fyrir liggja benda til að á þessu svæði hafi verið umsvif frá því fyrir 940 og fram yfir 1104. Það hefur því verið komið í gagnið áður en veisluskálinn mikli var reistur (eftir 940) og hefur haldist í notkun mun lengur því hann er talinn hafa verið tekinn niður fyrir miðja 11. öld. Greinileg merki eru um bæði rauðablástur og járnsmíði á þessum stað og væri mikilsvert að kanna betur eðli og umfang þeirrar starfsemi. Á sínum tíma fundust ummerki um járnsmíði í veisluskálanum og vísbendingar um að rauðablástur hafi farið fram á bæjarstæðinu.[3] Mögulega er nú fundið járnvinnslusvæðið þaðan sem bræðslugjallið barst inn í skálann. Hvort og þá hvernig járnvinnslan tengist hinu óvenjulega hlutverki veisluskálans er ekki vitað. Hugsanlega var járnvinnsla einfaldlega hluti af venjulegum búrekstri á víkingaöld – til þess gætu bent járnvinnsluleifar á báðum bæjarstæðunum í Reykjavík – en mögulega tengist slík vinnsla miðstöðvarhlutverki Hofstaða.

Í nyrstu totu túnsins fundust ummerki um að þar hafi verið ræktað tún, bæði á miðöldum og síðar og er mögulegt að þetta sé sá staður sem upphaflega hefur heitið Gerði. Það hefur í fyrstu verið hluti af túnræktinni í kringum býlið í Brekkum en eftir að það lagðist af hefur rækt haldið áfram og mögulega girt í kring. Torfleifar í línum 4 og 6 sem eru yngri en 1477 gætu verið úr girðingunni eða útihúsum sem þarna hafa staðið. Það eru þó ekki þau hús sem vitað er um á 19. og 20. öld sem öll voru heldur sunnar. Mislítil ummerki um þau fimm útihús sem þekkt voru á 20. öld komu fram við borunina. Staðsetning þeirra var aðeins þekkt mjög gróflega og þó allsstaðar hafi komið fram einhver ummerki sem tengja má við þessi hús eru þau fæst skýr eða afdráttarlaus. Nyrstu tvö húsin hafa verið við línu 12. Þau austari (SÞ-214:048) voru stór fjárhús og eru það mjög líklega leifar þeirra, alveg sundraðar af jarðýtunni sem sléttaði túnið um 1950, sem sjást í kjörnum 12.0A-C, E og í skurði 2. Vestari húsunum (SÞ-214:047) er aðeins lýst sem útihúsum og má vera að torfið í kjarna 12.2 sé til vitnis um þau. Sunnar stóðu mjög stór fjárhús með hlöðu aftan við (SÞ-214:046) og má vera að ummerki í kjörnum í línu 14 tengist þeim. Enn sunnar stóðu svokölluð Dráphús (SÞ-214:045), fjárhús á suðurbakka grófar sem enn sést hatta fyrir í túninu. Húsin tók af í flóði en rústir þeirra voru jafnaðar út með jarðýtu um 1950 eins og aðrar tóftir í túninu. Það eru helst ummerki í línu 17 sem mögulega má tengja við þessi fjárhús en þau gætu þó eins verið eftir eldri byggingar, norðan við gröfina. Syðstu útihúsin (SÞ-214:044) voru á sama stað og járnvinnslusvæðið og hafa rof þeirra blandast saman við eldri leifar í jarðýturuðningnum. Fyrir utan járnvinnslusvæðið og kol sem mögulega

[3] Gerry McDonnell & Paul Maclean, 2009, bls. 271-89.

eru undir gjósku frá 1477 í línu 17 eru mögulegar miðaldaleifar aðeins að finna á tveimur stöðum í Gerðistúninu. Það er annarvegar torf í línum 3 og 4, og hinsvegar torf og kol í línu 10. Á báðum þessum stöðum þyrfti að fara fram frekari forkönnun til að meta umfang og ástand mannvistarleifanna.



Mynd 25. Á kortinu sést staðsetning 19.-20. aldar útihúsanna í túninu. Á þessum svæðum fundust oftast einhverskonar ummerki um sléttun eða torfbland.

Heimildaskrá

Gerry McDonnell & Paul Maclean (2009). ‘The metalworking slags and residues.’ í Gavin Lucas: *Hofstaðir. Excavations of a Viking Age feasting hall in North-eastern Iceland*, Reykjavík, 271-89.

Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson (2018). *Í Brekkum. Fornbýli í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2017*, FS699. Reykjavík.

Orri Vésteinsson (2016). *Hofstaðagarðshorn. Preliminary investigations 2016*, FS629. Reykjavík.

Viðauki 1 – Borkjarnaskrá

Númer kjarna	Heild ardýpt kjarna (sm)	Dýpt jarðlags í sm	Lýsing á jarðlagi	Athugasemdir	Dags.
1.0	80	0-16	Yfirborðslag		8.8.2018
1.0	80	16-21	Dökkbrúnn jarðvegur		8.8.2018
1.0	80	21-22	1477 gjóskan		8.8.2018
1.0	80	22-30	Ljósbrúnn og rauðbrúnn jarðvegur - fokmold		8.8.2018
1.0	80	30-45	Rauðbrúnn blandaður jarðvegur - mögulega hreyft eða fokmold	túnsléttun	8.8.2018
1.0	80	45-51	H3		8.8.2018
1.0	80	51-61	Rauðbrúnn silt jarðvegur		8.8.2018
1.0	80	61-64	Dökkbrúnn jarðvegur		8.8.2018
1.0	80	64-66	H4		8.8.2018
1.0	80	66-80	Rauðbrúnn silt jarðvegur		8.8.2018
1.1	45	0-21	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	8.8.2018
1.1	45	21-22	1477 gjóskan		8.8.2018
1.1	45	22-27	Dökkbrúnn jarðvegur		8.8.2018
1.1	45	27-35	Rauðbrún fokmold		8.8.2018
1.1	45	35-39	H3 - forsöguleg gjóska		8.8.2018
1.1	45	39-45	Rauðbrúnn jarðvegur		8.8.2018
1.2	40	0-10	Yfirborðslag		8.8.2018
1.2	40	10-18	Dökkbrúnt hreyft jarðlag - líklega túnasléttun	Túnsléttun	8.8.2018
